

Nd.

331. Frumvarp til laga

[177. mál]

um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaптún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 2 millj. króna á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kaптúnunum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

Fé þetta skal geymt á sérstökum reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, ef því er ekki öllu ráðstafað árlega. Enn fremur skulu afborganir lána og vextir leggjast inn á þann reikning og er heimilt að lána það fé í sama skyni.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum umsjón og allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar skv. 1. gr., svo sem frágang lánsskjala, innheimtu afborgana og vaxta, svo og reikningshald, en heimilt er ráðuneytinu að fela lánastofnun að annast þessi störf.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr.

Reikningshald skal endurskoðað af ríkisendurskoðuninni og reikningar birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Standi sveitarfélag, sem notið hefur aðstoðar samkvæmt lögum þessum, ekki í skilum með afborganir eða vaxtagreiðslur, er heimilt að halda eftir framlögum, sem það á að fá úr Jöfnunarsjóði til fullnustu hinum vangreiddu fjárhæðum.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu. Ef svo semst um á milli seljanda og sveitarfélags, að sveitarfélag megi greiða land-

verðið með skuldabréfi, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 100% af fjárhæð þess.

Hið keypta land skal vera til tryggingar láni og ábyrgð ríkissjóðs.

4. gr.

Lánstími má vera allt að 25 árum og vextir 5%. Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir aðstoð ríkisins, samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórnin telji sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast umrædd landsvæði vegna almennra þarfa. Rétt er að synja um aðstoð, ef ríkisstjórnin telur kaupverðið óhæfilega hátt.

6. gr.

Nú samþykkir ríkisstjórnin að veita sveitarfélagi aðstoð samkvæmt lögum þessum, en eigandi lands vill eigi selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

7. gr.

Áður en ríkisstjórnin veitir sveitarfélagi aðstoð, skal leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þar með úr gildi numin lög nr. 64 27. júní 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og segir í 8. gr. frumvarpsins verða lög nr. 64 27. júní 1941 numin úr gildi, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Í því sambandi þykir rétt að rekja stuttlega helztu breytingar á skipan mála þessara, sem ráð er fyrir gert í lagafrumvarpi þessu.

Lög nr. 64/1941 um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa gera, eins og heiti laganna ber með sér, ekki ráð fyrir neinni aðstoð ríkisins við kaup á landi vegna kaupstaða. Í lagafrumvarpi þessu er hinsvegar gert ráð fyrir, að aðstoð ríkisins í því efni nái einnig til kaupstaða.

Skv. lögum nr. 64/1941 er ríkisstjórninni heimilað, að uppfylltum nokkrum skilyrðum, að kaupa landsvæði í kauptúnunum og sjávarþorpum eða í grennd við þau og leigja síðan hlutaðeigandi sveitarfélagi, þannig að árleg leiga verði 4% af kaupverði eignarinnar. Þá er ríkinu skylt, ef sveitarstjórn óskar, að selja sveitarfélaginu með hagkvæmum greiðsluskilmálum og með kostnaðarverði landsvæði þau, sem ríkið kaupir skv. lögnum.

Með lagafrumvarpi þessu er sú meginbreyting á gerð, að ríkið er ekki lengur neinn milliaðili að landakaupum, heldur verða hlutaðeigandi sveitarfélög sjálf kaupendur landsins þegar í stað, en ríkið veitir aðeins aðstoð við kaupin með beinni hagstæðri lánveitingu og veitingu ríkisábyrgðar fyrir láni til kaupanna.

Í lögum nr. 64/1941 eru þau skilyrði sett fyrir því, að ríkið kaupi lönd skv. lögnum, að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi sveitarfélags, að samþykkt hafi verið á lögmatum hreppsnefndarfundi formleg beiðni um kaupin, er fylgi rökstuðningur fyrir, að sveitarfélaginu sé fjárhagslega um megn að standa undir kaupunum, að beiðni um kaupin hafi verið samþykkt á almennum sveitarfundi, og að fyrir liggja rökstudd meðmæli frá Búnaðarfélagi Íslands.

Þessi skilyrði eru öll niður felld með lagafrumvarpi þessu. Í þeirra stað er það eitt skilyrði sett fyrir aðstoð skv. lögnum, að ríkisstjórnin telji hlutaðeigandi

sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast landið vegna almennra þarfa, og skal þá, áður en aðstoð er veitt, leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkv. lögum nr. 64/1941 mega sveitarfélög, sem keypt hafa land með aðstoð ríkisins ekki selja það aftur, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Þessari kvöð er ekki haldið í lagafrumvarpi þessu.

Loks er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að aðstoð ríkisins við kaup lands sé takmörkuð við, að það sé innan takmarka þess sveitarfélags, sem aðstoðarinnar óskar. Skv. lögum nr. 64/1941 má hinsvegar taka land eignarnámi, þótt það sé í öðru hreppsfélagi, ef það liggur að hreppamörkum.

Á fjárlögum fyrir árið 1963 eru veittar 2 millj. króna, eins og ráð er fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins. Hefur Þórshafnarhreppi verið veitt aðstoð, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, en Þórshafnarhreppur hefur nú keypt land úr jörðinni Syðra-Lóni. Sérstök yfirvirðing á Syðra-Lóns landi fór fram í desember 1961 og nam yfirvirðingarverðið ásamt matskostnaði og öðrum kostnaði samtals kr. 3918200.00, sem er kaupverð hreppsins á eigninni. Þá hefur farið fram sérstök yfirvirðing á landi úr jörðunum Járngerðarstöðum og Hópi, skv. ósk Grindavíkurhrepps, og nam yfirvirðingarverðið ásamt matskostnaði og öðrum kostnaði kr. 7218144.65, en það verð mun Grindavíkurhreppur verða að greiða fyrir land þetta.

Sé miðað við það, að sveitarfélag fái fulla fyrirgreiðslu samkvæmt frumvarpinu og geti útvegað lán til 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu 40% af andvirðinu, mun láta nærri, að sveitarfélagið þurfi að greiða árlega í afborgun og vexti ca. 10% af andvirðinu næstu 15 árin.

Ef athugað er gjaldþol þeirra tveggja sveitarfélaga, sem nú hafa óskað aðstoðar í þessu efni, Þórshafnar og Grindavíkur, kemur eftirfarandi í ljós:

1. Þórshöfn. Árleg greiðsla yrði ca. kr. 390000.00. Þar frá dragast árlegar tekjur af landinu ca. kr. 100000.00 Á fjárhagsáætlun yrði þá að taka ca. kr. 290000.00 Á þessu ári reyndust útsvör þar ca. kr. 1200000.00 og afsláttur frá skala 25%. Til þess að standa undir greiðslum vegna landakaupanna þyrftu útsvörin að vera ca. kr. 1490000.00 og afsláttur hefði þá aðeins orðið ca. 6% frá skala. Útsvarsbyrðin væri þá all þung, eða t. d. svipuð og var á Akureyri á þessu ári, en þar reyndist afslátturinn aðeins 5%.
2. Grindavík. Árleg greiðsla yrði ca. kr. 720000.00. Þar frá dragast árlegar tekjur af landinu ca. kr. 30000.00 Á fjárhagsáætlun yrði þá að taka ca. kr. 690000.00. Á þessu ári reyndust útsvör þar ca. kr. 2250000.00 og afsláttur 50% frá skala. Til þess að standa undir greiðslum vegna landakaupanna þyrftu útsvörin að vera ca. kr. 2940000.00 og afsláttur hefði þá orðið ca. 34%. Útsvarsbyrðin væri þá alls ekki meiri en í meðallagi og tæplega það, ef miðað er við kauptúnahreppa.

Ástæðulaust virðist að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, þær skýra sig sjálfar.